



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 5, Rvk mánudaginn 14. október 2019 kl. 16:30-18:45.

(Fundur nr. 3. frá Kópavogi)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson, Páll Inghóor Kristinsson,
Þuríður Yngvadóttir, Björn Traustason, Laufey Hannesdóttir, Brynjólfur Jónsson, Sigrún
Stefánsdóttir og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

Á dagskrá fundarins var:

1. *Fundargerð síðasta stjórnarfundar.* Samþykkt með smávægilegum lagfæringum.
2. *Aðalfundur Úlfljótsvatns sf. reikningur, skýrsla o.fl.*

Aðalfundur Úlfljótsvatns sf. var haldinn þann 03.10.2019. Í stjórn félagsins voru kosnir Magnús Gunnarsson og Brynjólfur Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands, Ögmundur Jónasson frá Skátasambandi Reykjavíkur og Finnbogi Finnbogason frá Bandalagi íslenskra skáta. Magnús er formaður, Ögmundur varaformaður, Brynjólfur gjaldkeri og Finnbogi ritari. Brynjólfur hefur prókúru fyrir félagið.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 4 stjórnarfundir, en fjöldi stjórnarfunda frá stofnun félagsins er samtals 46. Á árinu 2019 var endanlega gengið frá samningi milli Skógræktarfélags Íslands og Skáta í stað bráðabirgðasamkomulags sem undirritað var hinn 12. júní 2012. Heildartekjur af veiðirétti fyrir landi Úlfljótsvatns á svæði 1,3,4 og 5 eru greiðslur vegna Veiðikortsins, en þær voru kr. 700 þúsund árið 2019 en voru samtals kr. 600 þúsund árið 2018. Þá er einnig hægt að kaupa veiðileyfi hjá starfsfólki

Útílfsmiðstöðvar og þá fylgir leyfi til veiða á svæði 2, þeim er gista á tjaldsvæðum Útílfsmiðstöðvar. Í stjórn veiðifélagsins, fyrir hönd eigenda, er Jakob Guðnason. Engar aflatölur liggja fyrir eftir veiðitímabilið en skráningarform þykir þó til fyrirmyndar.

Á árinu var gengið frá uppgjöri vegna leigu á landskika til fjarskiptafyrirtækisins Mílu, en Míla hefur um árabil haft fjarskipta möstur á Úlfljótsvatni. Greiddi Míla krónur 874.510.- fyrir aðstöðuna. Framvegis verður árlega gengið frá greiðslu vegna þessara viðskipta.

Árið 2021 verða liðin 10 ár frá því að Skátar og Skógræktarfélag Íslands eignuðust jörðina Úlfljótsvatn. Þær kvaðir sem settar voru af hálfu seljanda, Orkuveitu Reykjavíkur, við kaup jarðarinnar að ef land yrði leigt eða selt undir frístundabyggð fyrir árið 2021 myndi Orkuveita Reykjavíkur njóta hagnaðarhlutdeildar í leigu eða sölu þess lands. Engin leiga eða sala á landi hefur átt sér stað frá kaupum jarðarinnar, en stjórn Úlfljótsvatns hefur nú uppi hugmyndir að skipulagningu frístundabyggðar og leigu lands til frístundabyggðar, þó ekki fyrr en eftir að ofangreindar kvaðir falla niður.

3. *Kolviður – Staða mála*

Mikil spurn hefur verið eftir kolefnisjöfnun hjá Kolviði frá fyrirtækjum og einstaklingum. Nú er krafan sú, að farið verði í gegnum vottun óháðs aðila á því að kolefnisbindingin sé að eiga sér stað. Reynir og stjórn Kolviðar samþykkti nýverið aðgerðaráætlun til þriggja ára um að þurfi að vera tiltækar 400 þús. plöntur á ári og eiga fyrningar þegar þörf er á óvænt meiri gróðursetningu.

4. *Umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða – Opinn skógur*

Tvö skógræktarfélög (Sk.f. Suðurnesja – í Sólbrennum – Sk.f. Rangæinga – í Ásabrennum) - og vilja vera með í forumsókn um að láta hanna og byggja upp aðstöðuhús, m.a. salernisaðstöðu. Ef þessi umsókn fær jákvæða umfjöllun hjá sjóðnum, verður hægt að byrja í Sólbrennum. Umsóknarfrestur er til 29. þessa mánaðar.

5. *Tré ársins – nýr styrktaraðili*

Var kynnt fyrr í dag: rauðgreni í Elliðaárdal. Hafberg Þórisson hjá Lambhaga veitti styrk til verkefnisins (400 þús. kr.).

6. *Fræðsluferð til Ítalíu – yfirlit*

Mikil þátttaka var í ferðinni (53). Upp úr stóð afleiðing stormsins (50-60 m/sek.) sem olli miklu stormfalli haustið 2018. Heilu fjallshlíðarnar af rauðgreni lögðust á hliðina, en evrópulerki stóð sig betur. Menn þurfa að endurnýja kynni sín af gróðursetningu, en þeir hafa ekki gróðursett í hálföld.

Næsta ferð er áætluð til Marokkó í október á næsta ári, undir fararstjórn Dominique Pleedel Jónsson.

7. Undirbúningur vegna afmælis Skógræktarfélags Íslands á næsta ári

Björn Traustason sagði frá viðræðum sínum við Mosfellsbæ. Verið er að leita að húsnæði fyrir fundinn og hátíðarkvöldverðinn. Búið er að taka frá Hlégarð til vara. Hamrahlíð verður rækilega tekin í gegn, vegna gestakomu á föstudeginum. Skipuleggja þarf svo með góðum fyrirvara hvað gert verður á laugardeginum (hvort haldin verði hátíð á Þingvöllum).

8. Önnur mál

Senda fyrri og núverandi tillögu að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt.

Umsögn Skógræktarinnar:

<https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-4873.pdf>

Svör komu frá átta skógræktarfélögum sem svar við fyrirspurn um hvort þau væru tilbúin að taka á móti plöntum í tengslum við „Rótaskot“ (Áramótaskóg). Svör verða að vera á hreinu fyrir fund með Landsbjörgu í næstu viku.

Björn Traustason sagði frá pening sem fannst inni á bankabók í sameiginlegri eigu skógræktarfélaganna sem standa að skóginum á Fossá. Stjórn SÍ ítrekar samþykki sitt fyrir því að fénu verði ráðstafað með þessum hætti.

Laufey sagði frá aðalfundi Landssamtaka skógareigenda á Akureyri, sem hún sat f.h. SÍ. Þar var m.a. sagt frá gæðaprófunum á íslenskum við í límtré, sem íslenski viðurinn stóðst með ágætum.